

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar, nr. 1182/2022.

#### 1. gr.

Í stað orðsins „fjölskylduráði“ í 1. másl. 52. gr. samþykktarinnar kemur: velferðarráði.

#### 2. gr.

Í stað orðsins „fjölskylduráð“ í 1. og 3. másl. 1. tl. C-liðar 56. gr. samþykktarinnar kemur: velferðarráð.

#### 3. gr.

Í samræmi við heimild í 61. gr. samþykktarinnar er lagður til nýr viðauki IV við samþykktina um embættisafgreiðslur sviðsstjóra velferðarsviðs.

Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

#### 4. gr.

Samþykkt þessi, sem bærarstjórn Garðabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 16. janúar 2024.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*

### VIÐAUKI IV

#### Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra velferðarsviðs.

#### 1. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs, eða starfsfólk velferðarsviðs í umboði sviðsstjóra, afgangi, án staðfestingar velferðarráðs og bærarstjórnar, allar umsóknir sem taldar eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglur Garðabæjar og skilgreind eru sem verkefni velferðarráðs, sbr. heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 44. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Sviðsstjóra velferðarsviðs er heimilt að afgangi án staðfestingar velferðarráðs og bærarstjórnar eftirtaldar umsóknir, sbr. 1. gr.:

- Umsókn um fjárhagsaðstoð.
- Umsókn um stuðningsþjónustu.
- Umsókn um stoðþjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Umsókn um notendasamninga.
- Umsókn um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).
- Umsókn um stuðningsfjölskyldu.
- Umsókn um skammtímadvöl.
- Umsókn um sumardvöl.
- Umsókn um hæfisþjálfun og vinnustofur.
- Umsókn um búsetu/húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.

11. Heimili fyrir börn.
12. Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.
13. Umsókn um félagslegt leiguhúsnæði.
14. Umsókn um akstursþjónustu.

3. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs getur ávallt vísað ákvörðun skv. 2. gr. til endurskoðunar velferðarráðs.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu sviðsstjóra skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá bæjarráði, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal sviðsstjóri taka málið upp að nýju.

Aðila skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta máli til úrskurðarnefndar velferðarmála innan þriggja mánaða frá því aðila var tilkynnt um ákvörðun, sbr. 5. gr. laga nr. 85/2015.

5. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs skal kynna velferðarráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári afgreiðslur án persónugreinanlegra upplýsinga skv. 2. gr. þessa viðauka.